



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

Reykjavík, 24. febrúar 2025

### Símaátak á vorönn

Á vorönn 2025 hyggst skólinn beita sér harðar gagnvart símanotkun nemenda í kennslustundum. Þetta er gert með hliðsjón af [siðareglum skólans um notkun snjalltækja](#). Markmið átaksins er að bæta námsumhverfi nemenda, draga úr truflunum í kennslustundum og auka vellíðan og námsárangur.

Nemendur mega hafa síma meðferðis í skólanum en tækin þurfa að vera ofan í vasa eða tösku í kennslustundum. Kennari er verkstjóri í kennslustundum og getur heimilað notkun síma ef svo ber undir.

Ef nemendur taka upp símann án leyfis hafa kennarar fyrirmæli um láta nemendur setja símann í símabox, sem er að finna í hverri kennslustofu, þar til kennslustundinni er lokið. Öll slík tilfelli verða skráð og send stjórnendum.

Gerist það ítrekað að nemandi þurfi að setja símann í boxið verður viðkomandi kallaður til stjórnenda ásamt forsjárfólki.

Ef nemandi neitar að setja símann í boxið telst það agabrot og hafa kennarar fyrirmæli um að vísa viðkomandi til stjórnenda. Ítrekuð brot leiða til íþyngjandi aðgerða af hálfu skólans, sjá nánar í [skólareglum](#).

Með von um gott samstarf á önninni,  
stjórnendur MS